AUGLÝSING

um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt án ítarlegrar starfsleyfisgerðar að gefa út starfsleyfi fyrir rekstur sem fellur undir starfsemi á meðfylgjandi lista. Áður en heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi samkvæmt auglýsingu þessari skal hún kanna hvort starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og er það skilyrði starfsleyfis að svo sé.

2. gr.

Með listanum fylgja starfsreglur sem viðkomandi atvinnurekstur þarf að fara eftir. Auk þess er heilbrigðisnefnd heimilt að setja sértæk skilyrði í starfsleyfi, m.a. í samræmi við tillögur Hollustuverndar ríkisins að mengunarvörnum fyrir einstakar atvinnugreinar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal beita ákvæðum 9., 10. og 11. gr., IV.-VI. kafla og VIII.-X. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eins og við getur átt svo og einnig 4. mgr. 7. gr.

4. gr.

Listi þessi sem saminn er af Hollustuvernd ríkisins staðfestist hér með í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. ágúst 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Listi yfir fyrirtæki þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. Vinnsla úr járni og öðrum málmum.

Stálsmíði og stálskipagerð.
Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.
Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmiðnaði, rafiðnaði og tækjagerð.

2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum.
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.
Leirmunaverkstæði afkastageta ≤ 75 t/dag og eða rúmtak ofns ≤ 4 m^3.
Steypueiningaverksmiðjur.
Önnur sambærileg starfsemi með jarðefni.

3. Efnaiðnaður.
Prentiðnaðarfyrirtæki.
Efnalaugar.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
Framköllun t.d. á ljós, röntgen og kvikmyndum.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
Vinnsla með plast- og frauðefni.
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði.
Gleriðnaður og speglagerð.
Tannlæknastofur.
Önnur starfsemi með sambærileg efni.

4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu.
Gúmmívinnsla.
Trésmíðaverkstæði.
Sögunarmyllur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Leðurvinnsla.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Önnur sambærileg starfsemi með vinnslu og úrvinnslu á efnum úr jurta- og dýraríkinu.

5. Matvælavinnsla.
Kjötvinnsla ≤ 75 t/dag.
Niðursuðuverksmiðjur.
Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða ≤ 75 t/dag.
Framleiðsla tilbúinna rétta ≤ 75 t/dag.
Mjólkurstöðvar ≤ 200 t/dag.
Framleiðsla mjólkurdufts.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir.
Kaffibrennsla.
Smjörlíkisgerðir.
Kartöfluvinnsla ≤ 300 t/dag.
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju.
Laukskeikingarverksmiðjur.
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla.
Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni ≤ 300 t/dag.
Kæli- og frystigeymslur.
Önnur sambærileg matvælavinnsla.

6. Búfjár- og dýrahald.
Hestahald.
Dýraspítalar.
Gæludýraverslanir.
Fiskeldisstöðvar, aðrar en þær sem eru á fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999.
Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn og eru ekki í tengslum við fiskeldisstöðvar.

Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn og eru ekki í tengslum við fiskeldisstöðvar.
Seiðaeldi annað en í tölul. 6.10 og 6.11 í fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 785/1999 og er ekki í tengslum við fiskeldi.
Önnur sambærileg starfsemi með búfjár- og dýrahald.

7. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki.
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu.
Bifreiða- og vélaverkstæði.
Bifreiðasprautun.
Ryðvarnarverkstæði.
Smurstöðvar.
Bensínstöðvar.
Vöruflutningamiðstöðvar.
Biðstöðvar leigubifreiða.
Bið- og endastöðvar strætisvagna.
Bón- og bílaþvottastöðvar.
Sorpflutningar og sorphirða.
Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða.
Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi.
Önnur sambærileg starfsemi fyrir vélknúin farartæki.

8. Meðferð skólps og úrgangs.
Gámastöðvar.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.
Endurvinnsla úrgangs.
Önnur sambærileg starfsemi.

9. mislegt.
Stórar vörugeymslur.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o. þ. h.
Þvottahús.
Önnur sambærileg starfsemi.

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

Gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingu og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Almennt.

1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fáanlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

Lóð og húsnæði.

2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.

2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Mengunarvarnir.

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.

Eftirlit.

4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.